

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Mál nr. 362/2024 í skipulagsgátt

Skipulagslýsing skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Selfossi 29. apríl 2024

Efni: Umsögn Vina íslenskrar náttúru, VÍN, um Skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 vegna Ólafsdals

Markmið framangreindrar skipulagsbreytingar skv. skipulagsgátt er að auka svigrúm fyrir gististarfsemi í Ólafsdal með því að breyta núverandi afþreyingar- og ferðamannasvæði AF10 við Ólafsdalsskóla í verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert er ráð fyrir gististarfsemi. Verkkaupi er [Minjavernd ehf.](#), einkahlutafélag sem er að meirihluta í eigu ríkisjóðs og Reykjavíkurborgar, 76,54% og sjálfseignastofnunarinnar Minja með 23,46% eignarhlut. Á heimasíðu Minjaverndar ehf. segir: „Tilgangur félagsins er að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi í víðtækasta skilningi“.

Hvers vegna er VÍN að vekja athygli á framangreindu? Minjavernd ehf. er rekin að stærstum hluta fyrir almannafé en svo virðist sem að nýting þess sé í litlu samræmi við tilgang félagsins, þ.e. að Minjavernd ehf. kosti breytingar á aðalskipulagi sem fyrst og fremst snýr að því að breyta afþreyingar- og ferðamannasvæði í **verslunar- og þjónustusvæði**. Þótt ýmis konar rekstur, þ.m.t. hótélrekstur, geti hugsanlega stutt við minjavernd er það aðferðafræðin sem VÍN gerir sérstakar athugasemdir við, einkum fyrirhugaða skógrækt á svæðinu. Áform um skógrækt innan deiliskipulags Ólafsdals eru vel þekkt sbr. bls. 10–12 í [tillögu til breytingar á deiliskipulagi](#) frá 18. mars 2022 sem er það deiliskipulag sem VÍN hefur undir höndum. Í þeirri aðalskipulagsbreytingu sem hér er til kynningar virðast öll áform um skógrækt á svæðinu vera vandlega falin svo halda mætti að þau væru málinu óviðkomandi.

Í skipulagsákvæðum um vernd svæðisins segir m.a.:

Vernda skal svæðið sem landslagsheild. Uppbygging skal taka mið af menningarlandslagi og minjum á svæðinu. Einkum skal horft til tímabilsins í kringum aldamótin 1900. Vernda skal og halda til haga ummerkjum um búskaparhætti á tímum skólans. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið.

Í ljósi þess að skógrækt, hvort sem er með innlendum eða erlendum tegundum, mun með tímanum gerbreyta gróðurfari, ásýnd lands og spilla ummerkjum um horfna búskaparhætti er það algerlega ósamrýmanlegt að ætla sér að rækta tré og jafnframt ná markmiðum verndunarinnar. Það er löngu þekkt að ef menn ætla sér að vernda og viðhalda einhverju stigi búsetulandslags eða gróðurs þarf að viðhalda þeim þáttum sem skópu það á sínum tíma. Að mati VÍN er því nauðsynlegt að viðhalda a.m.k að hluta til þeirri landnýtingu (beit og slætti)

sem áður tíðkaðist til að ná markmiðum verndunarinnar. Það verður hins vegar hvorki gert með algerri beitarfriðun né skógrækt.

Ef setja á inn nýtt skipulagsákvæði, VP-18, þá telur VÍN að jafnframt eigi að breyta ákvæði fyrir hverfisverndina og að framangreind setning verði: „**Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að endurheimt náttúrulegra vistkerfa í sátt við menningarlandslagið.**“

Líkt og VÍN hefur Ólafsdalsfélagið alfarið lagst gegn ýmsum breytingum sem fyrirhugaðar eru á skiplagi svæðisins og telur þær hvorki stuðla að vernd menningarminja í formi verndar húsa/bygginga eða menningarlandslags þess tíma sem um ræðir, 1880 til 1907.

Ólafsdalsfélagið leggst einnig alfarið gegn hverskonar skógrækt, sjá umsögn félagsins í skipulagsgátt dags. 24. apríl sl. **VÍN tekur undir athugasemdir Ólafsdalsfélagsins.**

Lokaorð

VÍN leggst alfarið gegn allri skógrækt, með framandi og/eða innlendum tegundum, innan deiliskipulags Ólafsdals og eftir atvikum í öllum Ólafsdalnum. Að öðrum kosti muni landslag og búsetuminjar sem ætlunin er að vernda spillast verulega. Fella verður niður þann kafla sem lítur að deiliskipulagi svæðisins eða endurskoða hann. VÍN telur jafnframt að öll vernd innan svæðisins, sem snýr að náttúruferi, eigi að miða að því að endurheimta náttúruleg vistkerfi og búsetulandslag, t.d. með beit og/eða beitarfriðun, með vernd menningarlandslags tímabilsins 1880-1907 að leiðarljósi.

Meðfylgjandi þessari umsögn, til upplýsingar, eru bréf frá VÍN til fjármálaráðherra dags. 4. maí 2023, bréf frá VÍN til Dalabyggðar dags. 23. maí 2023 og ályktun VÍN til Ólafsdalsfélagsins dags. 9. maí 2023.

VÍN áskilur sé allan rétt til að koma að frekari athugasemdum við framangreinda aðalskipulagsbreytingu eða við deiliskipulag svæðisins.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.

Til: Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra

Afrit til: Þórhalls Arasonar, Sólveigar Pétursdóttur og Hrafns Hlynssonar

Efni: Áformuð eyðilegging ómetanlegra menningarminja með skógrækt í Ólafsdal

Selfossi 4. maí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins (sbr. meðfylgjandi skrá yfir stofnfélaga), en félagar nú eru rúmlega 60. Félagið var formlega stofnað á sl. ári en hópurinn hefur starfað saman lengur. Hlekkur á vef félagsins er: <https://natturuvinir.is/> Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenskri löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenskri löggjöf um náttúruverndarmál í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta.

Vinum íslenskrar náttúru bærust nýlega upplýsingar um að hafnar væru framkvæmdir á vegum Minjaverndar, félags í eigu ríkisins (38,27%), Reykjavíkurborgar (38,27%) og Minja, sjálfseignarstofnunar (23,46%), til að undirbúa skógrækt í Ólafsdal í Döllum. Verkefnið er langt komið, búið að girða af land, breyta deiliskipulagi og fá vilyrði fyrir framkvæmdaleyfi. Þetta hefur gerst þrátt fyrir harðorð mótmæli Ólafsdalsfélagsins, Fornleifastofnunar Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands, sem öll hafa varað við óafturkræfum verulegum neikvæðum áhrifum á menningarminjar, sögu og ásýnd svæðisins. Hvatinn að þessu skógræktarverkefni er mjög óskýr og óskiljanlegur, sérstaklega í ljósi þess hversu alvarlegar afleiðingarnar verða að mati þeirra sem vilja varðveita Ólafsdal með náttúru staðarins, menningarminjar og sögu að leiðarljósi (sjá umsagnir fyrrnefndra aðila). VÍN er sammála þessum samtökum sem hafa varað við þessum framkvæmdum og mótmælt þeim og skilur ekki afstöðu Skipulagsstofnunar til málsins.

Í stofnsamþykktum Minjaverndar segir, “tilgangur félagsins er að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi í víðtækasta skilningi”. Í reynd hefur aðalverksvið félagsins falist í að stuðla að og standa fyrir endurbyggingu gamalla húsa. Verkefni félagsins til þessa eru komin á 8. tug, bæði innan Reykjavíkur sem og á landsbyggð. Mörg verið til fyrirmyndar eins og t.d. franska sjúkrahúsið á Fárskrúðsfirði. Ánægja virðist líka vera með aðkomu Minjaverndar að varðveislu húsakosts í Ólafsdal, en ekki með þessi undarlegu skógræktaráform félagsins. Óljóst er hvernig þetta sértæka skógræktarverkefni á ríkisjörð samræmist tilgangi félagsins, sem er í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Minjar, sjálfseignarstofnunar. Hver eru rökin fyrir þessum framkvæmdum sem réttlæta fyrirsjáanlegan fórnarkostnað? Og án nokkurs samráðs við Ólafsdalsfélagið eða Minjastofnun sem hefur umsjón með menningarminjum staðarins.

Stjórn VÍN, Vina íslenskrar náttúru, óskar eftir að fá fund með fjármálaráðherra og fulltrúum fjármálaráðuneytisins í Minjavernd um þetta mál eins fljótt og verða má. Félagið er til reiðu búið að veita ráðgjöf sem byggir á vísindalegri þekkingu félagsmanna á menningarminjum, lífríki landsins og jarðminjum.

Með vinsemd og virðingu,

Sveinn Runólfsson, formaður

Jón Gunnar Ottósson, varaformaður

Selfossi 23. maí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Félagið var formlega stofnað á sl. ári en hópurinn hefur starfað saman lengur. Hlekkur á vef félagsins er: <https://natturuvinir.is/> Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenski löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenski löggjöf um náttúruverndarmál í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenski náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta. Félagið vill veita stjórnvöldum aðhald í þeim brýnu verkefnum sem blasa við varðandi skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins. Félagið styður aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og kolefnisbindingu sem ekki hefur neikvæð áhrif á náttúru Íslands. Það mun stuðla að því að komið sé á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um kolefnisbindingu og kolefniseiningar og leggur áherslu á að notuð séu alþjóðleg vottunarkerfi með viðurkenndum kröfum og viðmiðum, sem jafnframt taka tillit til íslenskra aðstæðna.

VÍN skrifaði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bréf um skógræktarmál og afrit af því var sent til allra sveitarstjórna landsins (https://natturuvinir.is/wp-content/uploads/2023/04/Skipulag_skograektar.pdf). Viljum við vekja athygli sveitarstjórnar Dalabyggðar á þessu erindi félagsins nú þegar uppi eru áform um mikla skógrækt í sveitarfélaginu.

Í Morgunblaðinu 29. mars sl. var sagt frá samstarfsverkefni skógræktarfólks í Dalabyggð sem snýst um að rækta aspir og selja þær til skógræktarfólks eða planta þeim í eigin skógrækt. Verkefnið fékk styrk úr uppbyggingarsjóði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Í fréttinni kom fram að fyrirhugað væri að gróðursetja aspirnar við hringveginn sem er aðalvegurinn í sveitarfélaginu. VÍN varar við þessari fyrirhuguðu framkvæmd og hvetur sveitarstjórnina til að beita skipulagsheimildum sínum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Ræktun stórvaxinna aspa meðfram vegum byrgir útsýni sem er dýrmætt, sérstaklega ferðafólki, í þessu tilviki er spurning um sýn yfir Breiðafjörð og inn dalina. Ræktun stórvaxinna aspa meðfram vegum er líka slysaöldra sem ber að forðast. Dæmi um það er umferðaróhapp sem varð nýlega við veg 30 austan Miðfells í Hrunamannahreppi https://www.facebook.com/permalink.php?story_fbid=pfbid0EiRVDEmggPxDLgiAPThd2ndth9ddqRMSaW2BFEakZpWGFLXooL2JhDMR747QN8jtl&id=677500381

VÍN óskar jafnframt eftir því að sveitarstjórnin gæti þess að verkefnið auki ekki útbreiðslu framandi tegunda, sem líklegar eru til að verða ágengar í íslenskri náttúru, eins og sitkagrenis og stafafuru. VÍN leggst ekki gegn skógrækt, en leggur áherslu á að farið sé fram með varúð og að sveitarfélög beiti skipulagsvaldi sínu til að tryggja farsælar framkvæmdir. Rétt tré á réttum stað ætti að vera leiðarljósið.

Enn fremur varar VÍN við fyrirhugaðri skógrækt Minjaverndar í Ólafsdal. Skógrækt í dalnum, sama hvað trjátegundir verða notaðar, hún hlýtur þegar fram líða stundir að ógna þessum einstöku menningarminjum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins.

https://natturuvinir.is/wp-content/uploads/2023/05/Alyktun-VIN_til_Olafsdalsfelag.pdf

VÍN óskar eftir fundi með sveitarstjórn Dalabyggðar um bæði þessi fyrirhuguðu verkefni. Fjarfundur er líklega álitslegasti kosturinn vegna fjarlægðar.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. stjórnar VÍN

Sveinn Runólfsson, formaður

Jón Gunnar Ottósson, varaformaður

Afrit sent: Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Ólafsdalsfélagið
b. t. Rögnvalds Guðmundssonar

Ályktun frá VÍN, vinum íslenskrar náttúru um minjavernd í Ólafsdal í Dalabyggð

Selfossi 9. maí 2023

Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) sem eru samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins hafa kynnt sér áform um minjavernd í Ólafsdal í Dalabyggð. Dalurinn, sem er sérstæð heild, afmarkast á þrjá vegu af 400–500 m háum fjöllum en opnast til norðurs út í Gilsfjörð. Í dalnum eru miklar og sérstæðar minjar frá tíma Bændaskólans í Ólafsdal, sem starfræktur var frá 1880 til 1907, en einnig frá landnámsöld því innarlega í dalnum er skáli sem nýlega hefur verið rannsakaður. Fleiri minjar er þar einnig að finna.

Margir hafa sýnt því áhuga að vernda þessar minjar og gera þær aðgengilegar almenningi. Má þar, nefna Minjavernd, Ólafsdalsfélagið, Fornleifastofnun Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þá vaknar spurningin um hvernig það verði best gert. Minjavernd hefur nú þegar staðið að viðgerð á gamla skólahúsinu og auk þess ráðist í frekari endurgerð á mannvirkjum en einnig verða gerðir stígar um dalinn til að gera fólki auðveldara að skoða minjarnar. Um þetta er allt gott að segja.

Minjavernd hefur auk þessa lagt til að hafin verði skógrækt í dalnum og er nú byrjaður undirbúningur þessa verkefnis. Búið að girða af land, breyta deiliskipulagi og fá viljrði fyrir framkvæmdaleyfi. Rætt hefur verið um að nota að mestu innlendar tegundir, svo sem birki, reynivið og víðitegundir en einnig hefur komið til tals að nota framandi tegundir á borð við greni, lerki og furu.

Við þessar áætlanir gera Vinir íslenskrar náttúru verulegar athugasemdir. Ef ætlunin er að varðveita minjar og búsetulandslag frá tíma búnaðarskólans eða frá landnámsöld er nauðsynlegt að viðhalda sem mest þeirri landnýtingu sem skóp þann gróður og ásýnd sem þá varð til. Skógrækt með framandi tegundum kemur því alls ekki til greina. Þótt eingöngu verði ræktaðar innlendar trjátegundir mun það hafa veruleg áhrif á ásýnd landsins og á framtíðarþróun gróðurs. Skógrækt með innlendum tegundum krefst beitarfriðunar, eða a.m.k. mjög líttillar beitar. Þar munu birki og víðir með tímanum breiðast út og spilla menningarminjum. Algjör beitarfriðun mun einnig breyta gróðri á svæðinu en þekkt er að við beitarfriðun fækkar plöntutegundum verulega. Þá verður ekki séð að unnt sé að varðveita verðmætar vistgerðir nema að viðhalda sem mest þeim aðstæðum sem þarna hafa ríkt um langa tíð. Að okkar mati er því árangursríkast að vernda menningarlandslag og minjar með því að hafa þarna hóflega sauðfjárbreit. Við leggjumst hins vegar ekki gegn því að á valda staði næst gamla skólahúsinu verði ræktuð stök tré af birki og/eða reyniviði sem yrði í samræmi við búsetulandslag 19. og 20. aldar.

Lokaorð:

Vinir íslenskrar náttúru telja að skógrækt með framandi tegundum komi alls ekki til greina ef ætlunin er að vernda búsetulandslag og menningarminjar í Ólafsdal og verði farið í gróðursetningu innlendra tegunda ætti aðeins að gróðursetja einstaka stök tré upp við hús. Verndun þessara minja verður hins vegar helst náð með því að beita landið hóflega með sauðfé.

Fyrir hönd Vina íslenskrar náttúru,

Sveinn Runólfsson, formaður
Jón Gunnar Ottósson, varaformaður.